

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

11. fundur, 3. okt. 2002

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 3. október 2002 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.30.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. - Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Mál frá bæjarráði (a-c).
2. Erindi Þjóðskjalasafns Íslands (a-b).
3. Fjárhagsáætlun.
4. Önnur mál.

1. Mál frá bæjarráði.

- a) Lagt fram bréf, dags. 23. sept. 2002, sent formanni stjórnar safnsins og undirritað af bæjarlögmanni, í tilefni af samþykkt safnstjórnar varðandi húsnæði héraðsskjalasafnsins (sbr. 10. fg., 2. l.). Þar er frá því skýrt að á fundi bæjarráðs 19. s.m. hafi verið samþykkt að vísa samþykkt safnstjórnarinnar til bæjarritara til skoðunar.
- b) Lagt fram "til leiðbeiningar" bréf til stjórnar héraðsskjalasafnsins, dags. í september 2002 og undirritað af bæjarritara, varðandi risnukostnað nefnda.
- c) Lögð var fram tölvupóstsorðsending, dags. 13. sept. 2002, þar sem frá því er skýrt að daginn áður hafi bæjarráð samþykkt að vísa erindi varðandi upplýsingar í gagnagrunn Kirkjugarðasambands Íslands til héraðsskjalasafns til umsagnar. Orðsendingunni fylgdu eftirtalin gögn til skýringar: Dreifibréf formanns sambandsins "til allra stærri bæjar- og sveitarfélaga á Íslandi", dags. 24. júní; bréf bæjarritara frá 10. júlí um að bæjarráð hefði samþykkt 5. júlí að vísa bréfi kirkjugarðasambandsins til Reykjavíkurprófastsdæmis eystra; svarbréf prófastsins í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra f. h. héraðsnefndar, dags. 6. sept., þar sem hann vísar erindinu til baka til ákvörðunar bæjarráðs. - Stjórn héraðsskjalasafns frestaði afgreiðslu þessa erindis, en mun kynna sér málið milli funda.

2. Erindi Þjóðskjalasafns Íslands.

- a) Lagt fram fundarboð, dags. 27. sept., með dagskrá fyrirhugaðs fundar með héraðsskjalavörðum. Héraðsskjalavörður sækir fundinn og svaraði fyrirspurnum um mál sem þar verða til umræðu, m.a. norrænan skjaladag laugardaginn 9. nóv.

- b) Lagt fram til upplýsingar minnisblað starfshóps héraðsskjalavarða vegna norræns skjaladags, dags. 26. sept., en sameiginlegt "þema" dagsins í ár verður "félög" í víðri merkingu. Fyrirhugað er að hafa til sýnis í héraðsskjalasöfnum einhver sýnishorn af skjalagögnum þeirra.

3. Fjárhagsáætlun.

Frestað var til næsta fundar að hefja undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir safnið, en nokkkuð rætt um stöðu þess í stjórnkerfi bæjarins o.fl. sem rekstur þess varðar.

4. Önnur mál.

Fram kom að tölvutengingu er enn ábótavant í safninu þótt héraðsskjalavörður hafi farið fram á úrbætur. Formaður hyggst taka málið upp við bæjarritara.

Gert er ráð fyrir næsta fundi í byrjun nóvember.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 18.00.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi

Leó Ingason
héraðsskjalavörður